

Nd.

109. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna bætist á eftir 34. tölulið:
Hindisvík á Vatnsnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að Hindisvík á Vatnsnesi verði tekin í tölu þeirra staða, sem lögín frá 1946 um hafnargerðir og lendingarbætur ná til. Árið 1921 var fyrirhuguð höfn þar mæld og gerður uppdráttur af henni. Árið 1946 var aftur gerður uppdráttur af staðnum, og nýlega hefur einnig verið gerð lausleg kostnaðaráætlun um bryggjagerð þar. Er þó vafalaust þörf nákvæmari rannsókna og áætlana áður en til framkvæmda kemur.

Til stuðnings þeirri skoðun, að hagkvæmt geti verið að gera lendingarbætur í Hindisvík, má einkum nefna, að þaðan er stutt á fiskimið og síldveiði er oft mikil í Húnaflóa nálægt Vatnsnesi. Þess má og geta, að með lögum nr. 9 frá 4. júní 1924 var Hindisvík löggiltur verzlunarstaður.